

3. Fundur stjórnar Farsældarráðs Vestfjarða, haldinn í fjarfundi þann 24. mars 2026 kl. 10:00

Mætt voru: Dagný Finnbjörnsdóttir, Magnús Arnar Sveinbjörnsson, Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir og Þorgeir Pálsson.

Auk þeirra sat fundinn Erna Lea Bergsteinsdóttir, verkefnastjóri farsældarráðs og ritaði hún einnig fundargerð.

Þar sem fresta þurfti fundi farsældarráðs sem átti að fara fram þann 18. mars vegna færðar var ekki eiginleg fundardagskrá gefin út þar sem upphafleg fundardagskrá gerði ráð fyrir umræðum um niðurstöður fundarins.

Meginumræðuefni fundarins var að hefja vinnu við svæðisbundna forgangsröðun aðgerða farsældarráðs Vestfjarða.

Í því samhengi voru fulltrúar sammála um mikilvægi þess að jafna stöðu sveitarfélaga í innleiðingu farsældarlaganna. Erfitt væri að setja niður sameiginlegar aðgerðir þegar sveitarfélögin virðast vera komin mislangt með innleiðingu farsældarlaganna. Talað var um mismunandi stöðu meðal sveitarfélaganna við innleiðingu farsældarlaganna, ljóst er að sum sveitarfélög á Vestfjörðum eru komin lengra en önnur.

Þorgeir vakti athygli á að ekki er einungis um að ræða fjárhagslegar hindranir heldur er einnig mönnunnarvandi og starfsmannavelta stór hindrun.

Verkefnastjóri farsældarráðs talaði um mögulegar lausnir í aðgerðaráætlun hvað varðar innleiðingu laganna hjá sveitarfélögum, hún velti þeirri hugmynd upp hvort sveitarfélög ættu að ráða í sameiningu verkefnastjóra innleiðingar farsældar.

Ákveðið var að útbúa stöðumat og senda öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum. Verkefnastjóra var falið það verkefni.

Rætt var um Akranes og Vestmannaeyjar sem innleiðingarsveitarfélög og hvort við getum speglað okkur við þau sveitarfélög.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 10:30